

1. Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Aðalfundargerð 2011

Aðalfundur haldinn í Hlíðarbæ 3. apríl 2011

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna

Sigurgeir Hreinsson formaður BSE setti fund. Sigurgeir skipaði Bernharð Arnarson og Birgi Arason fundarstjóra og Ingvar Björnsson fundarritara. Fundarstjórar tóku við fundarstjórn.

Eftirfarandi tillaga að uppstillingarnefnd samþykkt: Þórarinn Pétursson, Stefán Magnússon og Sigríður Bjarnadóttir.

2. Skýrsla stjórnar – Sigurgeir Hreinsson

Í stjórn BSE sátu auk Sigurgeirs, Guðmundur Bjarnason Svalbarði varaformaður, Þórarinn Pétursson Laufási ritari, Helgi Þór Helgason Bakka og Svana Halldórsdóttir Melum. Svana hefur tekið sér leyfi frá stjórnarstörfum og situr Árni Arnsteinsson Stóra-Dunhaga, varamaður hennar, í stjórn. Haldnir voru fimm stjórnarfundir og hafa formenn Búnaðarsambanda Norður- og Suður-Þingeyinga settið fundi að hluta.

Sigurgeir fór yfir afdrif tillagna frá síðasta aðalfundi. Nefndi hann að kannað hefði verið með útgáfu á byggðasögu Eyjafjarðar og að lögð yrði fram tillaga um það mál á fundinum. Þá var ályktað um búnaðarlagasamning á síðasta aðalfundi og taldi Sigurgeir að í raun væru þeir samningar enn í uppnámi þar sem einungis hefði verið samið til tveggja ára og algjör ósvissa ríkti um framhaldið. Lítil vilji virðist vera til sameiningar búnaðarsambanda á svæðinu og ákveðið var að beita engum þrýstingi í þá átt. Samningar náðust við Búnaðarsambönd Þingeyinga um samstarfssamning um ráðgjafaþjónustu og varð niðurstaðan sú að 90% af búnaðargjaldi BSNÞ og BSSÞ rennur til BSE vegna samstarfsins. Ákveðið var að gera kvígusæðingar gjaldfrjálsar til þess að hvetja bændur til að draga úr notkun heimanauta. Nokkur umræða hefur verið um skipulag nautgripasæðinga á landsvísu með það að markmiði að jafna kostnað á milli svæða. Á síðasta aðalfundi var ákveðið að skilgreina betur hvaða verkefnum skuli sinnt af sameiginlegu fé og stjórn ákvað að meðan rekstur sambandsins gengi vel væri ástæðulaust að auka gjaldtöku verulega.

Sigurgeir gerði að umtalsefni starfsemi og grunn búnaðarsambandsins. Rifjaði hann upp umfang starfseminnar árið 1986 þegar hann var fyrst kosinn í stjórn BSE. Þá stóð aðalfundur BSE í tvo daga og samþykktar voru 15 tillögur. Auk þess voru haldnir fjölmargir bændaklúbbsfundir. Síðan þá hafa búgreinafélögin tekið að nokkru leyti við fagstarfinu. Á nýliðnu Búnaðarþingi var samþykkt tillaga um að einfalda félagskerfið. Taldi Sigurgeir að starf innan búgreinafélaganna lyti fremur að félagslegum þáttum en starf búnaðarsambandanna að leiðbeiningastarfseminni. Sigurgeir sagðist ekki líta á fækkun búnaðarféлага sem hluta af einföldun félagskerfisins. Vissulega gæti verið hagstætt að sameina búnaðarfélög en það yrði að vera sjálfsprottið.

Sigurgeir ræddi tillögu frá Búnaðarþingi um leiðbeiningaþjónustu og að allir hefðu aðgang að þjónustu burtséð frá búsetu. Hugmyndir hafa verið uppi um að sameina fagþjónustu undir einni yfirstjórn en allt veltur þetta á því að nýta fagþekkingu og reynslu sem best. Nefndi hann möguleika þess að færa ráðunauta í auknum mæli á milli héraða og að skerpa uppbyggilega gagnrýni ráðgjafa á búskap bænda.

Sigurgeir taldi að rétt væri að huga að reynslunni af því að breyta fyrirkomulagi aðalfunda.

Þá nefndi Sigurgeir að huga þyrfti í auknum mæli að sjálfbærni í orkumálum landbúnaðarins í ljósi matvælaöryggis.

Að lokum þakkaði Sigurgeir bændum og starfsfólki Búgarðs samstarfið á árinu.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra – Vignir Sigurðsson

Vignir hóf mál sitt á að skila kveðju frá stjórn BSSP. Rekstur Búnaðarsambands Eyjafjarðar árið 2010 var með svipuðu sniði og undangengin ár. Heildarfjöldi starfsmanna hjá BSE var 17 talsins í um 14 stöðugildum. Sjö stöðugildi tilheyra starfsemi ráðgjafabjónustunnar, 3 stöðugildi í bókhaldsþjónustu, 1 í kortagerð og 3 í sæðingum og búfjárefirliti.

Samkvæmt ársreikningi voru heildartekjur BSE á síðasta ári tæpar 113 milljónir. Rekstrargjöld voru tæpar 111 milljónir og afkoma fyrir fjármagnsliði og skatta tæpar 2 milljónir. Fjármagnstekjur voru tæpar 2 milljónir og skattar um 800 þús. Afkoma ársins var jákvæð um 2,9 milljónir. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn eru laun en þau eru nánast óbreytt milli ára. Samningar ráðunauta eru eins og flestra annarra launþega í landinu nú lausir og ekki ólíklegt að einhverjar hækkanir verði á þessu ári. Stærstu einstöku tekjuliðir leiðbeiningabjónustunnar eru búnaðargjald og framlag frá ríkinu skv. búnaðarlagasamningi. Búnaðargjald ársins 2010 var um 21 milljón sem er um 3,5 milljónum lægra en áætlað hafði verið en erfitt virðist vera að ná utan um þennan tekjulið. Áætlanir fyrir þetta ár benda til þess að búnaðargjald hækki nokkuð. Ný samþykktur búnaðarlagasamningur gildir fyrir árin 2011 og 2012. Framlög eru nokkuð skert frá því sem var í eldri samningi og lækkun á framlögum til Búgarðs milli árána 2010 og 2011 verður á bilinu 4-6 milljónir. Stjórnir búnaðarsambandanna hafa samþykkt nýjan samstarfssamning um ráðgjafabjónustu með fyrirvara um samþykki aðalfunda. Aðal breytingin í nýjum samningi er hækkun á hlutfalli búnaðargjalds úr 80 í 90% sem þýðir u.þ.b. einnar milljónar hækkun. Samningur þessi er nú líkari því sem gengur og gerist á öðrum búnaðarsambandssvæðum þar sem samstarf er um ráðgjafabjónustu.

Rekstur bókhaldsþjónustunnar Bókvíss ehf. sem er að fullu í eigu búnaðarsambandsins gekk ágætlega á árinu. Tekjur voru um 26 milljónir en gjöld voru einnig 26 milljónir og rekstrarniðurstaða því í jafnvægi.

Bifreiðar BSE voru eknar um 175 þúsund kílómetra á síðasta ári og var rekstrarkostnaður 39 kr á km. Það er nánast sami rekstrarkostnaður og var 2009. Þessar tölur eru með afskriftum en afskriftir eru reyndar ekki miklar þar sem flestir bílarnir eru orðnir nokkuð gamlir og sumir mikið eknir. Sá sem mest er kominn yfir 499 þús km og dugar enn. Þá fékk BSE til afnota bíl hjá BSSP í haustverkin og kom það sér mjög vel. Var hann ekinn um 5.800 km og var leigður á 38 kr/km.

Stöðugt þarf að huga að möguleikum til hagræðingar í rekstri og hvernig halda megi úti fullnægjandi þjónustu fyrir bændur með sem lægstum tilkostnaði. Enn sem komið er hefur útseld þjónusta á vinnu ráðunauta verið mjög hófleg, enda hefur það ekki verið markmið í sjálfu sér að selja út þá þjónustu sem í boði er. Brúttótekjur ráðgjafabjónustunnar eru nálægt 60 milljónum. Þar af er útseld sérfræðiráðgjöf ef svo má kalla nálægt 3 milljónum eða um 5% af tekjunum. Það hefur verið orðað svo að leiðbeiningamiðstöðvarnar séu á skilorði þetta og næsta ár og að mikil óvissa ríki um hvað tekur við þegar núverandi búnaðarlagasamningur rennur út. Bændasamtökin hafa

hvatt leiðbeiningamiðstöðvarnar til að skoða leiðir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur og viðraðar hafa verið hugmyndir um enn meiri samruna ráðgjafamiðstöðvanna og/eða nánari samvinnu. Hvernig svo sem þau mál þróast þá mun útseld þjónusta væntanlega aukast en þó er rétt að fara varlega í slíkt á meðan starfsemin er enn að njóta opinberra framlaga og búnaðargjalds.

Árið 2010 er annað heila árið í rekstri klaufskurðarbássins og hefur hann gengið ágætlega. Farið var á 59 bæi og klaufir snyrtar á um 1.900 kúm samanborið við 1.400 kúr árið áður. Farið var á 27 bæi í Eyjafirði, 14 bæi í Þingeyjarsýslu og 18 bæi á Austurlandi. Snorri klaufsnýrtir er hættur störfum og nú vantar klaufskurðarmann til starfa.

Rekstur Möðruvalla gekk mun betur árið 2010 en árið á undan en framkvæmdastjórn er í höndum Ingvars Björnssonar.

Að lokum þakkaði Vignir gott samstarf við bændur, stjórn og starfsfólk.

4. Reikningar BSE – Vignir Sigurðsson

Rekstrartekjur BSE námu tæplega 113 milljónum og rekstrargjöld námu tæplega 111 milljónum. Rekstrarafkoma nam 1,9 milljónum og hagnaður að teknu tilliti til fjármagnstekna nam 3,8 milljónum. Afkoma ársins eftir skatta var 2.923.158 kr.

Heildareignir BSE námu 104,3 milljónum og skuldir 20,4 milljónum.

5. Umræður um skýrslur og reikninga

Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, ræddi ráðgjafþjónustuna, félagskerfið og stjórnmalalegt umhverfi. Búnaðarsamböndin hafa þróast frá félagslegri hreyfingu í átt að rekstri ráðgjafþjónustu. Taldi Haraldur ekki mikil tækifæri í einföldun félagskerfisins. Haraldur taldi mikilvægt að búnaðarsambönd tækju í auknum mæli þátt í félagslegri umræðu og tók sem dæmi umræðu um jarðalög sem stendur til að mæla fyrir á þingi. Þarna væri um að ræða verkfni sem snerti alla bændur. Haraldur taldi að með skerðingum í búnaðarlagasamningi hafi framlög til búgreinasamninga verið varin. Taldi hann ljóst að framlög til ráðgjafþjónustu myndu ekki aukast og ræða þyrfti framtíðarskipulag þessarar þjónustu. Þetta þurfi að ræða út frá þörfum bænda og taka allar hugmyndir til skoðunar. Jafnvel kæmi til greina að fá erlenda ráðgjafa að málinu. Unnið er að framtíðarskipulagi Framleiðnisjóðs og endurskoða þarf umgjörð og ráðstöfun búnaðargjalds, m.a. út frá félagafrelsi.

Haraldur ræddi enn fremur matvælaöryggi og fæðuöryggi og skýrslu ríkisendurskoðunar um starfsemi Bændasamtakanna sem hann taldi fremur pólitískt plagg en faglegt.

Þá taldi hann stöðu ESB umsóknar þannig að málinu væri sjálfhætt þar sem stuðningur við það væri þverrandi.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

6. Kosningar – Þórarinn Pétursson flutti tillögur uppstillinganefndar

Stjórn og skoðunarmenn:

Stjórn: Sigurgeir Hreinsson Hríshóli, Gunnhildur Gylfadóttir Steindyrum. Ekki komu fleiri tillögur fram og voru þau kjörin.

Varamenn í stjórn: Árni Arnsteinsson 1. varamaður, Birgir Arason 2. varamaður. Ekki komu fleiri tillögur fram og voru þeir kjörnir.

Aðalskoðunarmenn: Elín Stefánsdóttir og Guðrún Harðardóttir.

Varaskoðunarmenn: Róbert F. Jósavínsson og Hannes Gunnlaugsson.

Formaður stjórnar var kjörinn Sigurgeir Hreinsson með 28 atkvæðum, tveir seðlar auðir.

Varaformaður stjórnar var kjörinn Guðmundur Bjarnason með 24 atkvæðum. Í því kjöri hlaut Gunnhildur Gylfadóttir 4 atkvæði og Þórarinn Pétursson 2 atkvæði.

7. Starfsemin á Möðruvöllum – Ingvar Björnsson og Þóroddur Sveinsson

Árið 2010 var fyrsta heila rekstrarár Möðruvalla ehf. Búreksturinn var með svipuðu sniði og árið áður. Bústjórar voru Ragnhildur Kristjánsdóttir, Magnús Antonsson og Hjálmar Jóhannsson. Samtals voru unnin 30 mánaðarverk á búinu eða 2,5 ársverk.

Mjólkurframleiðsla búins gekk vel. Framleiddir voru um 202 þúsund lítrar en greiðslumark á ársgrunni var um 170 þúsund lítrar. Mjólkurframleiðslan hefur verið vaxandi, fyrstu 12 mánuði eftir að félagið tók við búrekstri var framleiðslan 149.000 lítrar en síðustu 12 mánuði var hún 210.000 lítrar. Heilsufar gripa var gott, frumutala lág og flokkun mjólkur góð. Meðalfrumutala var 176.000 frumur/ml í samanburði við 202.000 frumur/ml á svæðinu. Fita var 4,29% í samanburði við 4,12% og prótein 3,43% í samanburði við 3,32%. Þá var líftala 8,4 einingar/ml í samanburði við 12,6 einingar/ml. Árskýr á búinu voru um 42 og meðalafurðir um 5.000 kg eftir kúna.

Fóðuröflun búins gekk vel, heyjaðar voru um 900 rúllur og ræktað korn á 11 hekturum. Uppsæra korns varð mjög góð, ríflega 5 tonn af þurru korni að jafnaði. Hluti kornsins var seldur af akri en 8 hektarar nýttir til búins og skiluðu þeir um 43 tonnum af þurru korni. Kornid er notað í sérblöndu fyrir búid sem blönduð er hjá Bústólpa. Ræktunarkostnaður kornsins nam 27 krónum á kg en ræktunarkostnaður í gróffóðri nam 19,5 kr á kg. Heildarfóðurkostnaður á innveginn lítra nam 45,8 kr sem þýðir að 32% tekna fara í fóður. Í búskapnum hefur verið lögð áhersla á nýjungar í jarðrækt og fóðuröflun. Sáð var vetrarhveiti árið 2009 sem skilaði vel þroskuðu korni árið 2010. Í ljósi þeirrar reynslu og reynslu af ræktun olíujurta á búinu er stefnt að áframhaldandi ræktun á hveiti og olíujurtum í sumar. Þá hefur rauðsmára og hvítsmára verið sáð í allri endurrækt búins. Markmiðið er að búid verið að mestu leyti sjálfbært í fóðuröflun. Til þess að það megi verða þarf að auka framleiðslu fóðurpróteins sem er takmarkandi þáttur í fóðuröfluninni. Tækjabúnaður búins er í lágmarki og því var notast við verktaka við rúllubindingu sem stóðu sig mjög vel.

Framleiðsluaðstaðan á Möðruvöllum er í megin dráttum mjög góð. Landgæði eru mikil, og landið fjölbreytt og ríflegt miðað við núverandi búrekstur. Aðstaðan í Möðruvallafjósinu er að mörgu leyti góð, fjósið er rúmt og véltækt en mjólkað er með hefðbundnu mjaltakerfi sem er vinnufrekt í 50 bása fjósi. Ráðist var í endurnýjun á geldneytaaðstöðu í fjósinu í samráði við LbhÍ en undirstöður og steinrimlar voru ónýtar. Það má ljóst vera að ef horfa á til áframhaldandi mjólkurframleiðslu á Möðruvöllum þarf að huga að tæknibreytingum í fjósi með það að leiðarljósi að létta vinnu.

Heildartekjur búins námu ríflega 30 milljónum en sé leiðrétt fyrir millifærslum til LbhÍ voru búgreinatekjur 28,5 milljónir. Tekjur vegna mjólkurframleiðslunnar nema 79% af heildartekjum en nokkrar tekjur eru einnig af nautakjötsframleiðslu og sölu á heyi, hálmi og korni. Breytilegur kostnaður nam 11,6 milljónum og framlegðarstigið 59% sem er vel ásættanlegt. Launakostnaður var 9,3 milljónir og hagnaður fyrir afskriftir og laun framkvæmdastjóra um 2 milljónir. Heildarskuldir félagsins námu 21,4 milljónum í árslok 2010 og höfðu lækkað um 4,5 milljónir á milli ára. Líkt og fyrr sagði fara 32% tekna

búsins til fóduröflunar og svipað hlutfall eða 33% fer í laun. Samtals fara því 65% tekna búsins í þessa tvo þætti.

Samkvæmt samningi við LbhÍ greiða Möðruvellir ehf. upp lán vegna kaupa á rekstri á fimm árum og er árleg greiðslubyrði af því um 3,8 milljónir. Reksturinn hefur ekki náð að greiða af þessu láni að fullu og hefur BSE lagt félaginu til fjármagn. Á árinu 2010 lagði BSE félaginu til 2 milljónir sem er í samræmi við það sem fram kom á aðalfundi 2010. Samtals hefur BSE lagt Möðruvöllum ehf. til 5 milljónir í rekstrarfé auk hlutafjár. Á sama tíma hefur skuld félagsins við LbhÍ lækkað um 6,1 milljón.

Á árinu 2011 er stefnt að því að reka búíð án framlags BSE en því verður náð með endurskoðun starfmannahalds og auknu aðhaldi í rekstri.

Markmiðið með samningi búnaðarsambandanna og LbhÍ um reksturinn á Möðruvöllum var að styðja við áframhaldandi tilraunastarfsemi í tengslum við tilraunastöðina á Möðruvöllum. Á Möðruvöllum hafa verið stundaðar öflugar rannsóknir í jarðrækt og fódurverkun og áframhald varð á þeim árið 2010. Helstu tilraunir á Möðruvöllum voru tilraun með áburðarsvörun túna, yrkja- og stofnaprófanir í grasrækt, kornrækt og olfújurtum. Auk þess er prófuð sáðvara, framleitt stofnútsæði í kartöflurækt og tvö MSc verkefni voru unnin í samstarfi við tilraunastöðina.

8. Landbúnaður og eldsneytisframleiðsla – Guðmundur H. Sigurðsson Mannviti

Mannvit er stærsta verkfræðistofa landsins með um 400 starfsmenn. Starfsemin nær um allan heim en flest verkefni erlendis tengjast jarðvarma. Guðmundur fjallaði um mögulega eldsneytisframleiðslu í tengslum við landbúnað.

Metan er framleitt með heimilisúrgangi (haugar og moltugerð), mykju og orkuplöntum. Mikilvægt er að hægt sé að nýta metanið á bíla án flutnings og hagkvæmast að nota metanið á stóra bíla og fyrir stóra notendur. Áætlað er að metan á Glerárdal dugi á 1.000 bíla og að mykjustöð í Eyjafirði geti framleitt gas á 3.500 bíla. Enn þá er nokkuð langt í verulega útbreiðslu metans sem orkugjafa.

Lífdísill er framleitt með orkuplöntum, úr fitu og úrgangsolíum og með þörungum í tengslum við CO₂ uppsprettur.

Lífetanól (2. kynslóð) er framleitt með hitakærum örverum og skógrækt.

Önnur tækifæri eru m.a. metanólframleiðsla úr CO₂, áburður úr jarðgerð, prókátín úr einfrumungum sem fódur og varmadætur til hitunar.

Gasgerð er að aukast mjög hratt í Evrópu.

Framtíðarsýnin er lífmassaver í Eyjafirði sem nýtir úrgang frá samfélagi, matvælaíðnaði og landbúnaði og skilar orku, áburði og fódri til notkunar.

Stefán Magnússon spurði um opinber framlög út á gasvinnslu. Guðmundur taldi engin framlög út á framkvæmdir af þessu tagi önnur en til rannsókna.

Benjamín Baldursson spurði um hagkvæmni mykjustöðvar á Þverá. Guðmundur sagði að þessi mál væru til skoðunar. Lykilatriði væri að nýta gasið nálægt framleiðslustað.

9. Verðlaunaafhendingar (í hádegishléi)

Sauðfjárræktarverðlaun BSE – Sigurður Þór Guðmundsson

Ábúendur í Stóra-Dunhaga, Hörgárdal, Árni Arnsteinsson og Borghildur Freysdóttir, hlutu sauðfjárræktarverðlaunin 2010. Helstu niðurstöður úr skýrslum 2010: Fullorðnar ær 128 og meðalkjöt magn eftir hverja á 32,3 kg, veturgamlar ær 23 talsins og

meðalkjöt magn eftir veturgamla á 12,6 kg. Metin föll 213 og meðalfallþungi þeirra 18,2 kg. Kjötmatið gaf gerð upp á 10,2, fitan var 7,5 og hlutfallið þarna milli 1,37.

Skýrsluhald í sauðfjárrækt hefur verið stundað í Stóra-Dunhaga um áratuga skeið og niðurstöður þess notaðar markvisst í kynbótastarfinu. Hefur búíð verið meðal þeirra fremstu í héraðinu hvað afurðir snertir undanfarin ár. Þá hafa ómmælingar og stigun líflamba verið fastur liður í kynbótastarfi, sem ásamt öðru hefur lagt grunninn að mjög vaxandi kjötgæðum sláturdilka sl. áratug.

Nautgriparæktarverðlaun BSE – Guðmundur Steindórsson

Viðurkenningu Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir framúrskarandi árangur í nautgriparækt hlaut að þessu sinni Jóhann Tryggvason á Vöglum í Eyjafjarðarsveit.

Jóhann hóf búskap á Vöglum árið 1985, fyrstu árin í félagi við móður sína, en frá árinu 2000 hefur hann talist fyrir búinu.

Kúabúíð á Vöglum telst ekki stórt á eyfirskan mælikvarða, hefur verið með í kringum 25 árskýr í gegnum árin. Síðasta ár töldust þær 24,6. Hins vegar hafa afurðir hin síðari ár verið með þeim hæstu í héraðinu og frá árinu 2005 hafa þær legið á milli 6.000 og 7.000 kg eftir árskúna. Árið 2007 var Vaglabúíð með hæstu meðalafurðir á búnaðarsambandssvæðinu, 6.942 kg. Var svo í 3. sæti 2008, dalaði aðeins árið 2009, en varð í 2. sæti á síðasta ári með 6.973 kg eftir árskú. Það vantar því aðeins herslumuninn til að ná 7.000 kg meðaltalinu.

Hvatningarverðlaun BSE – Vignir Sigurðsson

Að þessu sinni voru það þáð ábúendur í Syðri-Haga, Ármann Rögnvaldsson, Ulla May Rögnvaldsson og Jónas Þór Leifsson, sem hlutu Hvatningarverðlaun BSE. Bændur í Syðri-Haga hafa hafa verið þátttakendur í átaksverkefni um nýtingu sauða- og geitamjólkur árin 2005 til 2010 en verkefnið hóf göngu sína árið 2004.

Í Syðri-Haga hefur af natni verið komið upp aðstöðu til sauðamjalta og í upphafi þátttöku í verkefninu voru strax keypt inn mjaltatæki. Þá var gert ráð fyrir nýtingu mjólkurinnar að hausti og grænfoodri sáð að vori fyrir haustbeit ána til að halda þeim lengur í nyt. Mjaltatímabilið hefur staðið frá seinni part ágústmánaðar og fram í október á hverju ári. Ær sem lömb eru tekin frá til slátrunar tínast inn í mjaltir og eru mjólkaðar þar til þær geldast upp eða henta ekki til mjalta einhverra hluta vegna. Fjöldi áa í daglegum mjóltum þessi ár hafa verið frá 48 til 119 en þær voru mjólkaðar einu sinni á dag.

Á búinu hafa verið framleiddir þúsundir lítra sauðamjólkur. Minnst var framleiðslan fyrsta þátttökuárið og nam magnið 480 lítrum en mest var framleiðslan árið 2008, þá 1.200 lítrar. Hlutdeild búsinns í mjólkurmagni á landsvísu á vegum verkefnisins hefur verið drjúg og legið á bilinu 61-82%. Árið 2010 bættu ábúendur um betur og framleiddu jafnframt 425 lítra geitamjólkur.

10. Varnarlínur BÍ vegna ESB – Haraldur Benediktsson formaður BÍ

Haraldur fjallaði um afstöðu BÍ til aðildarviðræðna við ESB. BÍ hefur dregið varnarlínur í ferlinu sem fela í sér lágmarksvarnir gagnvart aðildarumsókninni. Fór Haraldur yfir eftirfarandi varnarlínur:

1. Réttur Íslands til að vernda heilsu manna, dýra og plantna

Byggt verði á rétti Íslands til verndar heilsu manna og dýra. Markmiðið er að samið verði um undanþágur frá frjálsum innflutningi dýra til landsins frá Evrópu. Frjáls innflutningur stangast m.a. á við skuldbindinar til verndunar erfðastofna okkar.

Tilgangurinn er að forðast sjúkdóma og meindýr sem ekki eru hér á landi en hafa gjarnan almenna útbreiðslu í Evrópu.

2. Frelsi til að ríkisstyrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluiðnað

Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB á illa við á Íslandi vegna sérstöðu í framleiðslu og úrvinnslu íslenkra landbúnaðarafurða. Mikilvægt er að slíkur stuðningur sé án skilyrða. Komi til aðildar verði tekið fullt tillit til sérstöðu íslensks landbúnaðar og að ríkisstyrkir verði a.m.k. jafn miklir og fyrir aðild.

3. Heimild til að leggja tolla á búvöru frá löndum ESB

Með tollvernd er leiðrétt fyrir erfiðari aðstæðum hér á landi til búskapar. Þá er markaðurinn smár og því nauðsynlegt að verja markaðinn sem er viðkvæmur fyrir undirboðum. Einkum á þetta við um afurðir sem hafa mikið geymsluþol. Þá styrki frjálst vöruflæði landbúnaðarværa stöðu smásalana gagnvart framleiðendum. Jafnframt meta Bændasamtökin stöðuna þannig að útflutningstækifæri frá Íslandi séu takmörkuð.

4. Réttur til að tryggja félagslega stöðu og afkomu bænda

Tryggt verði að fjárfestingar sem lagt hafi verið út í fáist bættar. Samtökum bænda verði tryggt sambærilega fjárhagsleg staða og nú.

5. Styrkir til landbúnaðar verði þeir sömu hvar sem er á landinu

Ekki komi til álita að skipta landinu upp í svæði með tilliti til landbúnaðar.

6. Réttur til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum.

Aðild að ESB raski ekki hefðbundinni hlunnindanýtingu og aðgerðum gegn meindýrum.

7. Eignarréttarlegri stöðu bænda og landeigenda verði ekki raskað og aðgengi að góðu ræktunarlandi tryggt.

Tryggt verði að erlent fjármagn, ótengt landbúnaði, raski ekki aðstöðu til framleiðslu landbúnaðarafurða. Stjórnvöld hafi fullt svigrúm til að vernda landbúnaðarland.

Bjarni Guðleifsson spurði um muninn á fæðuöryggi og matvælaöryggi. Haraldur tengdi fæðuöryggi framboði matvæla og matvælaöryggi gæðum matvæla á markaði.

Jón H. Sigurðsson spurði hvort kannað hefði verið hversu nærri línurnar væru hugmyndum ESB og ef þær yrðu samþykktar hvort BÍ myndi samþykkja aðild. Haraldur taldi að erfitt yrði fyrir ESB að viðkenna bann við innflutningi á lifandi dýrum og eins varnarlína um tollvernd. Haraldur sagði að BÍ væri í grundvallaratriðum á móti aðild þannig að þrátt fyrir að varnarlínurnar yrðu samþykktar væri BÍ á móti aðild.

Stefán Magnússon spurði um stöðu WTO samninga og hver samningsstaða Íslands væri í því samhengi. Haraldur svaraði því að í viðræðunum væri grundvallarágreiðingur á milli útflutningslanda og landa sem vildu vera sjálfnæg í fæðuframleiðslu og að ekkert væri fyrirsjáanlegt sem leysti þann ágreining.

Benjamín Baldursson spurði hvort Bændasamtökin gerðu ráð fyrir að gengið yrði til samninga við ESB. Haraldur staðfesti það og taldi að samningar hæfust í haust en líklegt mætti telja að beðið yrði með flóknari og erfiðari mál, s.s. sjávarútvegs- og landbúnaðarmál.

Stefán Magnússon benti á að fáir hefðu beina hagsmuni af landbúnaði og sjávarútvegi og því yrði erfitt að berjast gegn samningnum. Haraldur taldi að auðvelt yrði að reka áróður og málflutning bændastéttarinnar á meðan um væri að ræða málefnalega umræðu og rökstuðning.

Bergvin Jóhannsson benti á að umræða væri oft á villigötum, t.d. varðandi innflutningstolla á ávexti og grænmeti sem í mörgum tilfellum eru ekki til staðar. Spurði Bergvin hvort aðilar leiti til BÍ varðandi upplýsingar um tolla. Haraldur svaraði því að ekki væri leitað til BÍ um slíkar upplýsingar. Þá benti hann á að tollar myndu leggjast á ýmsar vörur við inngöngu í ESB.

Aðalsteinn Hreinsson spurði um möguleika þess að fá varanlegar undanþágur. Haraldur taldi mjög ólíklegt að ná slíku fram.

11. Framlagning mála og skipan nefnda

Tillögur lagðar fram - Sigurgeir Hreinsson

1. Tillaga um jarðalög.
2. Tillaga um andstöðu við aðild að ESB.
3. Tillaga um samstarfssamning búnaðarsambandanna.
4. Tillaga að útgáfu á „Byggðum Eyjafjarðar” árið 2012.
5. Tillaga að rekstraráætlun BSE 2011.
6. Tillaga um dýralækna.
7. Tillaga um förgun hræja.
8. Tillaga um orkumál og notkun næringarefna í landbúnaði.

Guðmundur Steindórsson gerði grein fyrir hugmyndum að endurútgáfu „Byggða Eyjafjarðar.” Gert er ráð fyrir að miða við tímabilið 1990 – 2010. Í ritinu yrði stutt lýsing á sveitarfélögum, yfirlitskort og myndir af bæjum og ábúendum. Þá verði lýsing á jörðum og myndir af stökum húsum sem bera sérnöfn. Gert er ráð fyrir einni 570 síðna bók.

Nefnd 1 - Stefán Magnússon

1. Tillaga um jarðalög.
2. Tillaga um andstöðu við aðild að ESB.

Tillögur til fjárhagsnefndar – Helgi Steinsson

3. Tillaga um samstarfssamning búnaðarsambandanna.
4. Tillaga að útgáfu á „Byggðum Eyjafjarðar” árið 2012.
5. Tillaga að rekstraráætlun BSE 2011.

Nefnd 2 - Aðalsteinn Hallgrímsson

6. Tillaga um dýralækna.
7. Tillaga um förgun hræja.
8. Tillaga um orkumál og notkun næringarefna í landbúnaði.

12. Nefndarstörf og afgreiðsla mála

Nefnd 1 – Stefán Magnússon

1. Jarðalög.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar haldinn 13. apríl 2011 hvetur stjórn BSE til að boða til fundar með bændum og sveitarstjórnarmönnum um jarða- og ábúðarlög.

Tillaga samþykkt samhljóða.

2. Aðild að ESB

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar haldinn 13. apríl 2011 lýsir yfir andstöðu við aðild Íslands að Evrópusambandinu og styður við ályktun Búnaðarþings 2011 vegna þessa. Ljóst er að komi til aðildar mun það hafa verulega neikvæð áhrif á markaðsstöðu landbúnaðarafurða og leiða af sér tekjuhrun hjá bændum og fólki í úrvinnslugreinum landbúnaðar. Fundurinn hvetur Bændasamtök Íslands til að halda fast á hagsmunum íslenskra bænda og hvika hvergi frá þeim varnarlinum sem dregnar hafa verið upp vegna umsóknar stjórnvalda um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd – Helgi Steinsson

3. Samstarfssamningur búnaðarsambandanna.

Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 13. apríl 2011 samþykkir nýjan samstarfssamning BSE, BSSP og BSNP um ráðgjafarþjónustu.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. „Byggðir Eyjafjarðar”

Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 13. apríl 2011 hvetur stjórn BSE til að ráðast í útgáfu á „Byggðum Eyjafjarðar.” Stjórn hefur heimild til að leita eftir samstarfsaðilum við útgáfu bókarinnar. Stefnt skal á að bókin verði gefin út árið 2012 á áttugasta afmælisári BSE. Heimildir bókarinnar miðast við árslok 2010.

Stefán Magnússon benti á þann möguleika á að gefa ritið út rafrænt.

Sigurgeir Hreinsson ræddi að ekki yrði farið af stað nema fyrirséð verði að þetta verði ekki fjárhagslegur baggi. Rætt hefur verið við KEA um aðkomu að málinu hvað varðar styrkveitingu eða jafnvel samstarf um útgáfuna.

Tillaga samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun BSE og árgjald 2011.

Árgjald BSE var ákveðið 2.500 kr og sæðingagjöld óbreytt. Tekjur eru áætlaðar 115.700.000 kr og gjöld fyrir fjármagnsliði 117.000.000 kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 1.350.000 kr og afkoma fyrir skatta verður jákvæð um 50.000 kr.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Nefnd 2 – Aðalsteinn Hallgrímsson

6. Dýralækningar í dreifðum byggðum.

Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 13. apríl 2011 beinir því til Bændasamtaka Íslands og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að hugað verði að tekjuhlið dýralækna sem vilja sinna dýralækningum í dreifðum byggðum landsins. Þannig verði tryggt að dýralæknaðar sem sinna þjónustu við bændur búi í nágrenni þeirra og geti brugðist við dýralækningum í tæka tíð þegar á þarf að halda, bændum og skepnum þeirra til heilla.

Greinargerð:

Í dag eru 15 dýralækna starfandi héraðsdýralækna og þrír þeirra með starfssvið sitt eingöngu bundið við eftirlit. Þeir eru staðsettir á Akureyri, í Reykjavík og á Selfossi. Hinir sinna þjónustu samhliða eftirliti víða um land. Frá 1. nóvember 2011 verða þjónusta og eftirlit á vegum héraðsdýralækna algjörlega aðskilin og héraðsdýralæknum sem ætlað er að sinna því eingöngu fjölgar úr þremur í sex. Aðsetur hinna nýju starfa

yrði Norðvesturland, Vesturland og Austurland. Með því að aðskilja eftirlit og þjónustu rýrast tekjur þeirra dýralækna sem sinnt hafa hvoru tveggja á dreifðum svæðum landsins og alls óvíst hvort þeir fáist til áframhaldandi starfa á þeim svæðum.

Stefán Magnússon benti á að miðað við stöðu dýralækna í stjórnkerfinu þyrftu þeir ekki á hjálp bænda við að halda kjörum.

Aðalsteinn Hreinsson benti á að lögnum væri ekki ætlað að tryggja hagsmuni bænda og dýra en fremur hagsmuni neytenda og matvælaöryggi.

Sigurgeir Hreinsson benti á að í lögum væri heimild til að afhenda bændum á afskekkjum svæðum dýralyf sem þeir geti notað í samráði við dýralækna.

Benjamín Baldursson benti á að óeðlilegur munur væri á milli dýralækna kostnaðar á Suðurlandi og í Eyjafirði.

Tillaga samþykkt samhljóða.

7. Förgun hræja og sláturúrgangs.

Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 13. apríl 2011 beinir því til sveitarfélaga í Eyjafirði að sem hagkvæmastar lausnir finnist við förgun hræja og sláturúrgangs sem til falla á búum. Þannig væri síður hætta á að urðun eigi sér stað heima á búunum.

Tillaga samþykkt samhljóða.

8. Orku- og næringarefnanotkun í landbúnaði.

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar haldinn í Hlíðarbæ 13. apríl beinir því til Bændasamtaka Íslands og ráðuneytis landbúnaðarmála að kanna möguleika þess að auka sjálfbærni íslensks landbúnaðar hvað varðar notkun orku- og næringarefna í því skyni að auka raunverulegt fæðuöryggi og ná niður kostnaði við framleiðsluna.

Greinargerð:

Íslenskur landbúnaður er verulega háður erlendum aðföngum til framleiðslunnar. Ljóst er að til skemmri og lengri tíma mun kostnaður vegna eldsneytis og áburðar hækka og því brýnt að nýta þessi aðföng sem best. Nauðsynlegt er að kortleggja þá möguleika sem kunna að felast innanlands í bættri nýtingu áburðarefna og aukinni notkun á lífrænum áburði á borð við slóg og moltu. Þá þyrfti að skoða af alvöru fýsileika þess að leysa innflutt jarðefnaeldsneyti af með innlendum orkugjöfum. Fyrsta stigið er að greina aðfanganotkun í íslenskum landbúnaði og framboð á næringarefnum og orku hér á landi.

Tillaga samþykkt samhljóða.

13. Önnur mál

Sigurgeir Hreinsson benti fundarmönnum á að ræða um málefni Búnaðarþings en engar undirtektir urðu.

Sigurgeir þakkaði fundarmönnum kosninguna og bauð Gunnhildi velkomna í stjórn. Þá þakkaði hann starfsmönnum fundarins og sagði fundi slitið kl. 15:21.

Skýrsla stjórnar á aðalfundi BSE

Sigurgeir B. Hreinsson f.h.stjórnar – flutt á aðalfundi 2011

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn BSE verið þannig skipuð: Sigurgeir B. Hreinsson formaður, Guðmundur Bjarnason Svalbarði varaformaður, Þórarinn Pétursson Grýtubakka ritari, Helgi Þór Helgason Bakka og Árni Arnsteinsson Stóra-Dunhaga sem er fyrsti varamaður stjórnar, en Svana Halldórsdóttir kjörin stjórnarkona er ekki búsett á landinu nú um stundir og hefur verið í leyfi frá stjórnarstörfum.

Haldnir hafa verið 5 stjórnarfundir, og á 4 þeirra hafa formenn stjórna Búnaðarsambandanna í Þingeyjarsýslum setið fundina að hluta.

Á aðalfundi síðasta árs voru samþykktar nokkrar tillögur sem ég mun nú gera grein fyrir:

1. Tillaga um að kanna grundvöll fyrir útgáfu á Byggðum Eyjafjarðar. Farið var í vinnu til að kanna rekstrargrundvöll og umfang útgáfunnar. Niðustaðan er sú að lögð verður fram á þessum aðalfundi tillaga þess efnis að farið verði í slíka útgáfu.
2. Tillaga þar sem ríkisvaldið var gagnrýnt harðlega fyrir seinagang vegna endurnýjunar á búnaðarlagasamningi. Þann 20. október skrifuðu Bændasamtökin og fulltrúar ríkisins undir nýjan samning til tveggja ára þar sem umtalsverð skerðing var á mörgum þáttum sem tilheyra samningnum.
3. Samþykkt var að stjórn hefði heimild til að undirbúa sameiningu við BSSP. Enginn áhugi virðist vera hjá Þingeyingum til sameiningar og hefur þar af leiðandi ekkert gerst á þessum vettvangi.
4. Tillaga um endurnýjun samnings um ráðgjafabjónustu við BSNP og BSSP sem yrði sambærilegur og aðrir slíkir samningar. Fyrir þessum fundi liggur endurnýjaður samningur þar sem kemur m.a. fram að hlutfall búnaðargjalds Þingeyinga sem fer til Búgarðs verður 90% í stað 80% í fyrri samningi.
5. Tillaga um að sæðingar á kvígum verði gjaldfrjálsar. Því var komið á.
6. Tillaga þar sem stjórn er falið að skilgreina nánar hvaða verkefni ráðgjafabjónustunnar skuli unnin af sameiginlegu fé og af hvaða verkum þurfi að innheimta þjónustugjöld vegna skertra framlaga. Enn hafa framlög ekki verið skert með þeim hætti að hafi þurft að grípa til aðgerða af hálfu stjórnar.

Það er hægt að segja að grunnstoðir Búnaðarsambands Eyjafjarðar séu félagsleg starfsemi sem snýr að fundahaldi og hagsmunabaráttu bænda og leiðbeiningastarfið með þeirri ráðunautabjónustu sem starfrækt er. Síðan eru aðrir mjög mikilvægir þættir rekstrarins eins og sæðingastarfsemi, bókhaldsþjónusta og kortateikningar.

Ef litið er um öxl varðandi félagslega þáttinn og skoðað hvernig starfsemin hefur breyst síðasta aldarfjórðung, hafa orðið miklar breytingar. Aðalfundur Búnaðarsambandsins stóð í tvo daga og þar voru tekin fyrir öll þau mál sem komu landbúnaðinum við og síðan samþykktar um eða yfir 15 tillögur. Haldnir voru nokkrir bændaklúbbafundir á hverjum vetri. Á þessum tíma voru búgreinafélögin á sínum upphafsárum og þróun þeirra og starf hefur tekið við þeim þáttum sem snúa beint að hverri búgrein.

Á nýliðnu Búnaðarþingi var samþykkt tillaga með það að markmiði að einfalda félagskerfið og ákveðið var að skipa millipinganefnd sem eigi að greina tækifæri og leiðir til að ná því fram.

Ég veit ekki alveg hvaða vonir menn bera í brjósti til einföldunar félagskerfisins. Algengast er að bændur séu í búnaðarfélögum sem eiga aðild að búnaðarsambandi, sem er

síðan aðili að Bændasamtökunum. Einnig eru bændur í búgreinafélagi eða félögum, sem eiga aðild að landssamtökum viðkomandi búgreina, sem eiga einnig aðild að BÍ.

Ef á að einfalda félagslega uppbyggingu þarf að breyta þannig að hver bóndi eigi aðeins aðild aðra hvora leiðina sem hér var nefnd. Búgreinasamböndin starfa nánast eingöngu á félagslegum grunni og eru mun sterkari félagslegar stöðir innan Bændasamtakanna en búnaðarsamböndin. Starfið innan búnaðarsambandanna snýst meira um fagleg málefni sem tengjast leiðbeiningaþjónustunni, ræktun jarðar og búfjár og vinnu þar kring eins og sæðingastarfsemi.

Ef á að vera einföldun á félagskerfinu verður það með þeim hætti að aðildin að BÍ verður í gegnum búgreinarnar. Þá er stóra spurningin í dæminu hvort við viljum einföldun. Félagsleg barátta og samstaða á héraðagrunni er mikilvæg, en hvort hún er nauðsynleg sem aðild að BÍ er ekki eins öruggt.

Ég lít ekki á fækkun búnaðarfélaga sem einföldun sem skipti máli, hún kemur til af bættum samgöngum og fækkun bænda og er yfirleitt mjög til bóta og eykur líkur á að þessi hluti grunneininganna sé virkur. Það má einnig segja að sameining búnaðarsambanda sé í sumum tilfellum hagræðing sem geti gert þau sterkari frekar en að það einfaldi félagskerfið.

Á fyrr nefndu Búnaðarþingi var einnig samþykkt tillaga um leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Þar er kveðið á um endurmat með tilliti til breytts fjárhagsumhverfis og að allir bændur hafi rétt á ráðgjafaþjónustu óháð búsetu. Þarna á að skipa millipinganefnd sem skili af sér fyrir formannafund í haust. Hér er uppi nokkuð önnur mynd en í félagskerfinu.

Hvernig getum við styrkt og breytt leiðbeiningaþjónustunni þannig að hún verði ódýrari í rekstri og skili okkur sem mestum arði í búrekstrinum? Annars vegar er hægt að hagræða með sameiginlegum innkaupum búnaðarsambandanna og BÍ á ýmsum rekstrarvörum og tækjum og betri nýtingu á samskiptatækni, hvort sem er með samvinnu eða sameiningu. Hins vegar er spurningin um hvernig hin mikla fagþekking starfsfólkins nýtist best. Verður það gert með því að færa alla ráðanaþjónustu undir eina yfirstjórn? Þá ætti að vera hægt að mynda sterkari tengingu hvers fagsviðs á landsvísu. Eða er fyrirkomulagið sem er í dag á stærri leiðbeiningamiðstöðvunum, þar sem tengslin milli allra ráðunauta (búfjárræktar, jarðræktar, hagfræði) sem hver bóndi hefur samband við mjög gott? Er möguleiki að í stað þess sem er í dag þar sem bændur fá úttekt á búskapnum í formi niðurstöðu talna úr skýrsluhaldi og fjárhags, að komið verði með nokkuð harða gagnrýni á búreksturinn samhliða talnaniðurstöðum?

Hvort sem framlög dragst saman meir en orðið er eða ekki þurfum við að finna bestu leiðina. Um þessa möguleika og aðra þurfum við að ræða.

Nú er liðinn rúmur áratugur síðan lögum BSE var breytt þannig að á okkar svæði hafa bændur beina aðild að búnaðarsambandinu og þar af leiðandi er ekki fulltrúakjör til aðalfundar eins og tíðkast víðast í flestum héruðum. Það er kominn tími á að yfirfara lögin og meta hvernig þetta fyrirkomulag hefur reynst.

Matvælaöryggi er hugtak sem hefur verið haldið nokkuð á lofti í tengslum við ýmiss konar náttúruhamfarir og aðra óáran svo sem hugsanlega inngöngu Íslands í ESB og heilt yfir þegar rætt er um nauðsyn þess fyrir hverja þjóð að framleiða sjálf sinn mat. Það hefur verið gert lítið úr hvers virði matvælaöryggið er á þeirri forsendu að ef einhverjir hlutir gerist þannig að flutningar til landsins stöðvist eða ekki verði hægt að kaupa matvæli, sé landbúnaðurinn lítils virði því framleiðslan stöðvist ef ekki berist olía og fóður til landsins. Það má spyrja á mótí hvað menn ætla að éta ef flutningar til landsins stöðvast. Þessi umræða á samt að vekja okkur til umhugsunar um hvort landbúnaðurinn eigi að vinna að

heildarstefnumörkun, þar sem markmiðið verði m.a. að landbúnaðurinn verði sjálfum sér nægur um orkugjafa, þar sem uppistaðan komi frá metangasi og repjuolíu. Það er ljóst að langt er frá hugmyndum til framkvæmda og óvíst hvernig repjuræktun til olíuframleiðslu kemur til með að ganga. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa skýra stefnu og vita hvert skal fara.

Síðasta ár var á margan hátt hagstætt til búskapar af náttúrunnar hendi, en þær þrengingar sem við höfum verið í á undanförunum árum af manna völdum gengur hægt að leysa. Frekar eru þó teikn á lofti um að mjakist í rétta átt. Í von um að umbætur fari að komast á skrið vil ég þakka starfsfólki á Búgarði vel unnin störf og gott samstarf. Einnig vil ég þakka bændum og öðrum sem ég hef starfað með fyrir afar góð samskipti.

Reikningar BSE 2010

Reikningar eru áritaðir af endurskoðanda, skoðunarmönnum, stjórn og framkvæmdastjóra 5. apríl 2011. Hér birtast rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2010 ásamt sundurliðunum. Áhugasömum sem vilja sjá reikninginn í heild sinni er bent á að hafa samband við Búgarð.

Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|--------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| REKSTRARTEKJUR | | | |
| Framlög | 13 | 73.671.036 | 73.695.523 |
| Aðrar tekjur | 14 | 39.055.728 | 40.063.025 |
| | | <u>112.726.764</u> | <u>113.758.548</u> |
| REKSTRARGJÖLD | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 15 | 58.146.751 | 58.551.568 |
| Annar rekstrarkostnaður | 16 | 48.927.816 | 48.733.166 |
| Afskriftir fastafjármuna | 7 | 3.780.657 | 4.473.686 |
| | | <u>110.855.224</u> | <u>111.758.420</u> |
| REKSTRARAFKOMA | 17 | 1.871.540 | 2.000.128 |
| Fjármunatekjur | 4 | 1.918.805 | 2.207.760 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (32.227) | (121.159) |
| Tekjuskattur | 6 | (834.960) | 0 |
| AFKOMA ÁRSINS | | <u>2.923.158</u> | <u>4.086.729</u> |

Efnahagsreikningur

| | Skýr. | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|------------------------------|-------|--------------------|-------------------|
| FASTAFJÁRMUNIR | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 41.146.525 | 44.927.182 |
| Eingarhlutar í dótturfélögum | 8 | 1.549.281 | 1.549.281 |
| | | <u>42.695.806</u> | <u>46.476.463</u> |
| VELTUFJÁRMUNIR | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 23.917.653 | 23.489.350 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 15.602.839 | 10.687.481 |
| Handbært fé | | 22.088.207 | 15.076.858 |
| | | <u>61.608.699</u> | <u>49.253.689</u> |
| EIGNIR | | <u>104.304.505</u> | <u>95.730.152</u> |
| EIGIÐ FÉ OG SKULDIR | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 10 | 83.857.780 | 80.934.622 |
| EIGIÐ FÉ | | <u>83.857.780</u> | <u>80.934.622</u> |
| SKAMMTÍMASKULDIR | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 10.347.811 | 8.970.084 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 6 | 834.960 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 12 | 9.263.954 | 5.825.446 |
| SKULDIR | | <u>20.446.725</u> | <u>14.795.530</u> |
| EIGIÐ FÉ OG SKULDIR | | <u>104.304.505</u> | <u>95.730.152</u> |

Sundurliðanir

13. FRAMLÖG

| | Leiðbein.- þjónusta | Nautgripa- sæðingar | Kortagerð og efnagr. | Sam- eiginl. | Samt. 2010 | Samt. 2009 |
|-------------------|------------------------|------------------------|-------------------------|-----------------|-------------------|-------------------|
| Búnaðarmálasj. | 21.069.808 | 0 | 0 | 0 | 21.069.808 | 24.468.825 |
| Kynbóta- og þr.fé | 0 | 25.526.895 | 0 | 0 | 25.526.895 | 25.131.902 |
| Til sauðfjárr. | 216.133 | 0 | 0 | 0 | 216.133 | 213.643 |
| Til hrossar. | 522.000 | 0 | 0 | 0 | 522.000 | 461.250 |
| Til nautgripa. | 2.043.485 | 899.951 | 0 | 0 | 2.943.436 | 2.867.990 |
| V.rekstargrein. | 4.033.500 | 0 | 0 | 0 | 4.033.500 | 2.485.500 |
| V.smáfé | 546.750 | 0 | 0 | 0 | 546.750 | 0 |
| Afkv.ranns.s.fé | 310.000 | 0 | 0 | 0 | 310.000 | 340.000 |
| Héraðþjón. | 14.303.200 | 2.945.208 | 0 | 0 | 17.248.408 | 16.780.064 |
| Önnur framlög | 1.254.106 | 0 | 0 | 0 | 1.254.106 | 946.349 |
| | <u>44.298.982</u> | <u>29.372.054</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>73.671.036</u> | <u>73.695.523</u> |

14. AÐRAR TEKJUR

| | Leiðbein.- þjónusta | Nautgripa- sæðingar | Kortagerð og efnagr. | Sam- eiginl. | Samt. 2010 | Samt. 2009 |
|----------------------|------------------------|------------------------|-------------------------|------------------|-------------------|-------------------|
| Húsaleiga | 0 | 0 | 0 | 2.672.691 | 2.672.691 | 2.241.299 |
| Egr.sam.kostn. | 0 | 0 | 0 | 3.758.719 | 3.758.719 | 3.429.203 |
| Útseld vinna | 735.043 | 2.417.155 | 0 | 0 | 3.152.198 | 4.182.661 |
| Búfje.lit og forðag. | 5.102.359 | 0 | 0 | 0 | 5.102.359 | 5.059.066 |
| Klaufsk.bás | 1.794.012 | 0 | 0 | 0 | 1.794.012 | 1.601.600 |
| Ómsj.mælingar | 1.304.784 | 0 | 0 | 0 | 1.304.784 | 1.333.945 |
| Sæðingatollar | 0 | 3.947.320 | 0 | 0 | 3.947.320 | 4.127.089 |
| S.fj.sæð.og sv. | 3.211.526 | 0 | 0 | 0 | 3.211.526 | 3.762.820 |
| Skr.v.kynb.hrs. | 1.009.103 | 0 | 0 | 0 | 1.009.103 | 1.918.974 |
| DNA grein.hrs. | 509.861 | 0 | 0 | 0 | 509.861 | 444.539 |
| Kort og kortav. | 0 | 0 | 5.831.492 | 0 | 5.831.492 | 6.561.590 |
| Seldar efnagrein. | 0 | 0 | 2.049.822 | 0 | 2.049.822 | 2.021.095 |
| Seldur akstur | 657.716 | 0 | 0 | 0 | 657.716 | 306.115 |
| Árgj.fél.manna | 0 | 0 | 0 | 637.500 | 635.500 | 504.000 |
| Aðrar tekjur | 2.276.424 | 0 | 5.988 | 1.134.213 | 3.416.625 | 2.569.029 |
| | <u>16.600.828</u> | <u>6.364.475</u> | <u>7.887.302</u> | <u>8.203.123</u> | <u>39.055.728</u> | <u>40.063.025</u> |

15. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

| | Leiðbein.- þjónusta | Nautgripa- sæðingar | Kortagerð og efnagr. | Sam- eiginl. | Samt. 2010 | Samt. 2009 |
|--------------|------------------------|------------------------|-------------------------|------------------|-------------------|-------------------|
| Laun | 30.976.827 | 10.706.492 | 3.210.845 | 2.598.298 | 47.492.462 | 49.531.953 |
| Launat.gjöld | 6.597.155 | 2.178.780 | 1.223.389 | 163.829 | 10.163.153 | 8.784.563 |
| Ýmis kostn. | | | | 491.136 | 491.136 | 235.052 |
| | <u>37.573.982</u> | <u>12.855.272</u> | <u>4.434.234</u> | <u>3.253.263</u> | <u>58.146.751</u> | <u>58.551.568</u> |

16. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

| | Leiðbein.- þjónusta | Nautgripa- sæðingar | Kortagerð og efnagr. | Sam- eiginl. | Samt. 2010 | Samt. 2009 |
|---------------------|------------------------|------------------------|-------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Rafm.og hiti | 0 | 0 | 0 | 615.444 | 615.444 | 515.628 |
| Fasteignagj. | 0 | 0 | 0 | 1.306.149 | 1.306.149 | 1.352.175 |
| Annar kostn.faste. | 0 | 0 | 0 | 210.229 | 210.229 | 185.134 |
| Bifreiðastyrkir | 1.845.473 | 0 | 48.935 | 322.347 | 2.216.755 | 1.993.704 |
| Dagpeningar | 2.201.375 | 2.527.450 | 347.550 | 1.110.475 | 6.213.850 | 5.401.444 |
| Ferðakostn. | 450.257 | 1.000 | 0 | 60.997 | 512.254 | 451.092 |
| Rekstur bifr. | 2.848.581 | 3.125.710 | 0 | 0 | 5.974.291 | 5.461.215 |
| Sæðis kaup o.fl. | 2.532.287 | 6.542.013 | 0 | 0 | 9.074.300 | 9.228.134 |
| Viðh./gj.f.áh./bún. | 394.480 | 0 | 44.039 | 275.458 | 717.977 | 538.001 |
| Póstur og sími | 0 | 0 | 0 | 1.590.954 | 1.590.954 | 1.782.179 |
| Rekstur tölvuk. | 289.098 | 0 | 10.073 | 634.571 | 933.742 | 1.569.213 |
| Skrifstofukostn. | 157.894 | 0 | 109.308 | 664.278 | 931.480 | 1.354.410 |
| Húsaleiga | 690.464 | 0 | 0 | 0 | 690.464 | 619.122 |
| Útgáfukostn. | 119.311 | 0 | 0 | 79.900 | 199.211 | 773.137 |
| Námsk.og fundir | 365.130 | 0 | 0 | 198.904 | 564.034 | 515.783 |
| Aðkeypt þjón. | 3.482.295 | 0 | 2.018.338 | 2.814.047 | 8.314.680 | 8.944.028 |
| Þjón.frá Bókvís | 0 | 0 | 0 | 3.956.742 | 3.956.742 | 2.776.799 |
| Gjafir, st., risna | 214.344 | 0 | 0 | 592.795 | 807.139 | 1.018.941 |
| Innh.k.og þj.gj. | 0 | 0 | 0 | 780.836 | 780.836 | 481.212 |
| Vátryggingar | 106.595 | 0 | 0 | 355.300 | 461.895 | 379.867 |
| Kaffistofa | 0 | 0 | 0 | 680.487 | 680.487 | 586.087 |
| Niðurfærðar kröfur | 0 | 0 | 0 | 1.290.797 | 1.290.797 | 1.772.767 |
| Gjaldf.innskt. | 102.428 | 0 | 0 | 306.202 | 427.630 | 386.172 |
| Annar kostn. | 380.583 | 20.461 | 21.904 | 33.528 | 456.476 | 646.922 |
| | <u>16.203.595</u> | <u>12.216.634</u> | <u>2.627.147</u> | <u>17.880.440</u> | <u>48.927.816</u> | <u>48.733.166</u> |

17. SAMANTEKT DEILDA

| | Leiðbein.- þjónusta | Nautgripa- sæðingar | Kortagerð og efnagr. | Sam- eiginl. | Samt. 2010 | Samt. 2009 |
|------------------|------------------------|------------------------|-------------------------|---------------------|-------------------|-------------------|
| Framlög | 44.298.982 | 29.372.054 | 0 | 0 | 73.671.036 | 73.695.523 |
| Aðrar tekjur | <u>16.600.828</u> | <u>6.364.475</u> | <u>7.887.302</u> | <u>8.203.123</u> | <u>39.055.728</u> | <u>40.063.025</u> |
| Tekjur alls | 60.899.810 | 35.736.529 | 7.887.302 | 8.203.123 | 112.726.764 | 113.758.548 |
| Laun og l.t.gj. | 37.573.982 | 12.885.272 | 4.434.234 | 3.253.263 | 58.146.751 | 58.551.568 |
| Annar r.kostn. | 16.203.595 | 12.216.634 | 2.627.147 | 17.880.440 | 48.927.816 | 48.733.166 |
| Afskr.fjármuna | 813.544 | 590.135 | 0 | 2.376.978 | 3.780.657 | 4.473.686 |
| Útdeil., same.l. | <u>9.092.191</u> | <u>5.150.045</u> | <u>1.065.322</u> | <u>(15.307.558)</u> | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Gjöld alls | 63.683.312 | 30.842.086 | 8.126.703 | 8.203.123 | 110.855.224 | 111.758.420 |
| Rekstr.afk. | <u>(2.783.502)</u> | <u>4.894.443</u> | <u>(239.401)</u> | <u>0</u> | <u>1.871.540</u> | <u>2.000.128</u> |